

Ed.

300. Frumvarp til laga

[162. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnaði íbúða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis skal á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febrúar 1976 leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af álagningu þessa gjalds, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvisitölu. Kauplagnesnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

2. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

- a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, kr. 7 200 á því tímabili, sem um ræðir í 1. gr. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur $1\frac{1}{2}$ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal eigi greiddur til þeirra, sem fá íbúðarhúsnæði sitt tengt við hitaveitu fyrir 29. febrúar 1976.
- b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.
- c) Til orkusjóðs til jarðhitarannsóknna og hitaveituframkvæmda.

3. gr.

Þeim hluta tekna af gjaldi því, sem innheimt er samkvæmt lögum þessum og ráðstafað er til einstaklinga, sbr. a)-lið 2. gr., skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1975. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 5 28. febrúar 1974, um álagningu sérstaks gjalds til þess að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, og lög nr. 47 14. maí 1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5 frá 28. febrúar 1974, um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, var ákveðið að leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960 um söluskatt taka til. Gjald þetta skyldi koma í stað hálfvísu viðlaggjalds, sbr. 1) lið 1. mgr. 8. gr. 1. nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Með lögum nr. 47 frá 14. maí 1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, var kveðið á um, hvernig tekjum af gjaldi því, er lagt var á með lögum nr. 5/1974, skyldi varið. Annars vegar skyldi því varið til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Hins vegar skyldi því varið til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.

Með heimild í 4. gr. laga nr. 47/1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, setti viðskiptaráðherra reglugerð nr. 174, 30. maí 1974, um úthlutun olíustyrks, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laganna.

Láta mun nærri, að 95 000 einstaklingar hafi notið olíustyrks og heildarfjárhæð til þeirra á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975 verði kr. 650—700 milljónir. Gera má ráð fyrir, að greiðsla til rafveitna á sama tímabili nemi um 50 milljónum króna. Greiðsla til hvers einstaklings, sem býr við olíuupphitun íbúðarhúsnæðis síns, hefur numið kr. 1 800 á þriggja mánaða tímabili eða kr. 7 200 á ári. Greiðslum til einstaklinga hefur verið úthlutað fyrir milligöngu sveitarfélaga og á grundvelli skýrslna frá þeim.

Eins og kunnugt er voru framangreind lög sett vegna hinna gífurlegu olíuverðhækkana til að draga úr aðstöðumun landsmanna eftir því við hvaða hitagjafa þeir búa og létta þannig byrði þeirra, sem búa við olíukyndingu.

Vegna hins háa olíuverðs sýnist full ástæða til að halda þessum greiðslum áfram. Með frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir, að meginatriði framangreindra laga verði framlengd um eitt ár. Mikilvægt nýmæli er þó að finna í c) lið 2. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir, að hluti teknanna gangi til orkusjóðs og verði varið til framkvæmda í orkumálum, sem gætu dregið úr olíunotkun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 5, 1974.

Gert er ráð fyrir, að tekjur af gjaldinu nemi á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febrúar 1976 960 milljónum króna eða 80 milljónum króna á mánuði.

Eins og áður er svo mælt fyrir, að hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af álagningu þessa gjalds, skuli ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu.

Um 2. gr.

Í 2. gr. laga nr. 47, 14. maí 1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða er fjallað um ráðstöfun tekna af gjaldinu.

Í þessari grein frumvarpsins er gert ráð fyrir nokkrum breytingum frá því, sem var. Styrkuppþæðin til hvers einstaklings er ákveðin kr. 7 200 fyrir tímabilið eða sú sama og orðið hefur í framkvæmd.

Nýmæli er, að olíustyrkur skuli eigi greiddur þeim, er fá íbúðarhúsnæði sitt tengt við hitaveitu fyrir 29. febrúar 1976. Svo sem kunnugt er, er þar aðallega um að ræða Kópavog, Garðahrepp og Hafnarfjörð.

Gert er ráð fyrir því, að áfram verði haldið þeirri reglu að greiða lífeyrisþegum, sem njóta bóta skv. 19. gr. laga um almannatryggingar og öðrum þeim

lífeyrisþegum, er hafa svipaðar tekjur, 1½ styrk einstaklings eða kr. 10 800 fyrir tímabilið.

Í c) lið greinarinnar er nýmæli, svo sem áður getur, um að hluta teknanna skuli varið til rannsókna og framkvæmda í hitaveitumálum. Með þessu ákvæði er stefnt að því að afla fjármagns til þeirra framkvæmda í orkumálum, sem dregið geta úr olíunotkun til upphitunar á íbúðarhúsnæði.

Um 3. og 4. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá gildandi lögum og þarfnast ekki nánari skýringar.